

Reykjavík, 18. febrúar 2011

GREINARGERÐ UM ATHUGASEMD ER BARST UMHVERFISSTOFNUN VIÐ AUGLÝSTA STARFSLEYFISTILLÖGU FYRIR GÁMAÞJÓNUSTUNA HF.

INNGANGUR

Að fenginni umsókn Gámaþjónustunnar hf. um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang að Berghellu 1, Hafnarfirði, vann Umhverfisstofnun tillögu að starfsleyfi fyrir stöðina. Tillagan var auglýst á tímabilinu 26. nóvember 2010 – 21. janúar 2011 og barst ein athugasemd við hana, frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Hér verður fjallað um athugasemdina og afstöðu Umhverfisstofnunar til hennar.

ATHUGASEMD

Í athugasemdinni kemur fram að á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þann 3. desember 2010, hafi verið fjallað um áformað starfsleyfi fyrir Gámaþjónustuna hf. Samkvæmt bókun fundarins veitir heilbrigðisnefndin almennt jákvæða umsögn um tillöguna en telur nauðsynlegt að fylgja eftir fyrri ábendingum sem fram komu á fundi nefndarinnar þann 25. október 2010, og vísar þar til bréflegrar umsagnar um drög að starfsleyfistillögu sem dagsett var 26. nóvember 2010 og send Umhverfisstofnun. Í athugasemdinni kemur fram að Umhverfisstofnun hafi tekið mið af hluta þeirra ábendinga sem þar voru settar fram, en ekki allra. Heilbrigðisnefndin ítrekar þá afstöðu sem fram kom í fyrri umsögn og vísar til hennar. Í athugasemdinni leggur heilbrigðisnefndin áherslu á að atriði er varða kyndistöð, bifreiðaverkstæði og þvottastöð og meindýravarnir verði lagfærð fyrir útgáfu starfsleyfis. Varðandi kyndistöð þá telur heilbrigðisnefndin að einskorða eigi heimild til brennslu við ómeðhöndlaðan viðarúrgang. Gámaþjónustan hafi ekki sótt um heimild til brennslu á öðrum efnum, nægur ómeðhöndlaður viður falli til hjá fyrirtækinu og að sögn sé ofninn hannaður með slíkt efni í huga. Nefndin leggst eindregið gegn því að í leyfi sé opnað að óþörfu inn á að brenna öðrum úrgangi, s.s. jurtaleifum frá landbúnaði og matvælavinnslu eða korkúrgangi. Slík opnun sé aðeins til þess fallin að vekja tortryggni og andstöðu meðal nágranna og íbúa. Einnig kemur fram það álit heilbrigðisnefndarinnar að gera eigi kröfu um eftirlitsmælingar á útblæstri frá úrgangsbrennslu. Varðandi bifreiðaverkstæði og þvottastöð þá er það mat heilbrigðisnefndarinnar að áður en sú viðbót við rekstur hefjist þurfi að endurskoða þann kafla starfsleyfis sem eigi við hana, þann skilning vanti í áformað leyfi. Varðandi meindýravarnir gerir heilbrigðisnefnd ekki efnislegar athugasemdir en gerir athugasemd við orðalag í gr. 2.1 í auglýstri starfsleyfistillögu. Heilbrigðisnefndin telur að ekki sé rétt, miðað við aðstæður í Berghellu, að flokka vargfugla sem meindýr, þótt hún geti fallist á að nauðsynlegt geti reynst að grípa til aðgerða til að lágmarka aðkomu fugla að starfseminni. Vísar heilbrigðisnefndin til skilgreiningar á meindýrum í 2. gr. reglugerðar nr. 149/1989 um meindýraeyða.



AFSTAÐA UMHVERFISSTOFNUNAR

Eftirfarandi eru svör Umhverfisstofnunar við athugasemdum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

KYNDISTÖÐ

Að höfðu samráði við umsækjanda fellst Umhverfisstofnun á sjónarmið heilbrigðisnefndar varðandi úrgangstegundir sem heimilt verður að endurnýta í kyndistöð. Í gr. 1.2 í útgefnu starfsleyfi verður því einungis veitt heimild til að endurnýta viðarúrgang.

Varðandi eftirlitsmælingar á útblæstri kyndistöðvar er það mat Umhverfisstofnunar að slíka kröfu eigi ekki að gera að svo stöddu. Eins og fram kemur hér að framan verður í gr. 1.2 í útgefnu starfsleyfi veitt heimild til að endurnýta viðarúrgang í kyndistöðinni. Í gr. 1.2 er enn fremur ákvæði um að einungis sé heimilt að endurnýta viðarúrgang sem teljist hættulítt og hafi ekki verið meðhöndlaður með viðarvarnarefnum eða öðrum efnum. Í 2. gr. reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs kemur fram að stöðvar sem einungis meðhöndla slíkan úrgang falli ekki undir gildissvið reglugerðarinnar, en hún mælir m.a. fyrir um eftirlitsmælingar í sorpbrennslustöðvum og losunarmörk fyrir útblástur þeirra. Kyndistöð Gámaþjónustunnar er því undanþegin þeim kröfum sem þar koma fram og eru í íslenski löggjöf ekki gerðar kröfur til eftirlitsmælinga í slíkum stöðvum. Umhverfisstofnun bendir einnig á að um er að ræða 600 kW kyndistöð þar sem brennsluvarminn er nýttur til upphitunar á athafnasvæði rekstraraðila og að í gr. 2.9 í auglýstri starfsleyfistillögu er gerð sú krafa að orkunýting stöðvarinnar sé að lágmarki 65%. Er sú krafa gerð til að tryggja að sannanlega sé um endurnýtingu úrgangs að ræða, en ekki förgun hans. Til samanburðar nefnir stofnunin að kyndistöðvar af sömu stærð sem brenna aðkeyptan við, þ.e. ekki viðarúrgang, eru ekki starfsleyfisskyldar, sbr. 9. lið fylgiskjals 2 með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í slíkum stöðvum er því ekki gerð krafa um eftirlitsmælingar. Þar sem kyndistöð Gámaþjónustunnar fær einungis heimild til sannanlegrar endurnýtingar á hreinum viðarúrgangi telur Umhverfisstofnun rétt að gera sömu kröfur til þeirrar stöðvar og annarra kyndistöðva af sömu stærð. Hins vegar er ljóst að ef mengun frá kyndistöð Gámaþjónustunnar reynist meiri en búist er við og veldur óþægindum í nágrenni hennar ber að endurskoða starfsleyfið, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999, og gæti niðurstaða hennar orðið til þess að gerð verði krafa um reglubundnar eftirlitsmælingar.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI OG ÞVOTTASTÖÐ

Í umsókn Gámaþjónustunnar um starfsleyfi koma fram áform fyrirtækisins um að reisa verkstæði á lóðinni við Berghellu 1, þar sem þjónustaðar verða bifreiðir fyrirtækisins. Þar sem þessi áform voru ljós þegar sótt var um starfsleyfið telur Umhverfisstofnun eðlilegt að í starfsleyfinu verði veitt heimild fyrir slíkum rekstri, jafnvel þótt teikningar af viðkomandi mannvirkjum og nánari útfærsla starfseminnar liggja ekki fyrir. Í auglýstri starfsleyfistillögu er því veitt heimild fyrir slíkum rekstri og sett almenn skilyrði um starfshætti og mengunarvarnir, í samræmi við ákvæði samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur, sem Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gerðu í janúar 2003. Það er mat Umhverfisstofnunar að ef rekstur bifreiðaverkstæðis Gámaþjónustunnar, þegar þar að kemur, rúmist ekki innan áður nefndra skilyrða þá séu fyrir hendi úrræði í löggjöfinni sem taki á slíkri stöðu. Vísar stofnunin þar til 18. og 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999 en þar er fjallað um hvernig tekið er á því ef breytingar verða á starfsleyfisskyldum rekstri og ef forsendur hafa breyst frá því er starfsleyfi var gefið út. Jafnframt vísar stofnunin til 20. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, er fjallar um reglubundna endurskoðun starfsleyfa. Að mati Umhverfisstofnunar er því ekki þörf á að setja ákvæði um endurskoðun skilyrða er varða bifreiðaverkstæði og þvottastöð inn í starfsleyfið.



MEINDÝRAVARNIR

Í athugasemd sinni vísar heilbrigðisnefnd til skilgreiningar í 2. gr. reglugerðar nr. 149/1989 um meindýraeyða. Þar kemur m.a. fram að vargfugl teljist til meindýra þegar hann veldur umtalsverðum óhreinindum eða tjóni í fyrirtækjum. Að mati Umhverfisstofnunar eiga ákvæði um meindýr í auglýstri starfsleyfistillögu m.a. við um dýr sem geta valdið óhreinindum eða tjóni í móttökustöð Gámaþjónustunnar og því sé eðlilegt í því samhengi að telja vargfugla til meindýra. Stofnunin telur því ekki ástæðu til að breyta umræddu orðalagi í gr. 2.1 í auglýstri starfsleyfistillögu.